

Dagsetning: 8. Desember 2025

Tími: kl 17:00

Staður: Skrifstofa BLÍ og Teams

Fundarstjóri: Grétar

Ritari: Katrín

Mætt: Grétar, Valgeir, Gunnar G, Elsa, Unnur, Lúlli M, Emelía, Katrín

Kynning: Borja Gonzalez Vicente fór yfir afreksmálin.

1. Staðan í afreksmálum

- Farið yfir þjálfaramál A-landsliða.
- Undankeppni EM 2026 var rædd og farið yfir kröfur CEV varðand umgjörð mótsins, sem eru mjög stífar. Hugsanlegt er að haldin verður forkeppni sem sker út um það hvort lið komist áfram í undankeppnina sjálfa. Keppnishelgar verða þrjár svipað og var í Silver League á síðasta ári og þarf BLÍ að sjá um eina keppnishelgi hjá hvoru liði, karla og kvenna
- Farið var yfir kostnaðaráætlun vegna undankeppninnar og ljóst er verkefnið felur í sér mjög mikinn kostnað. Langmestur kostnaður fellur til vegna þeirrar keppni sem haldin verður hér heima enda miklar kröfur gerðar um umgjörðina.
- Virkja þarf nefnd í kring um U-liðin sem fara á lokamót EM í strandblaki 2026. Þetta er stórt verkefni sem krefst töluverðs utenumhalds. Það eru fjögur U-lið sem taka þátt. Haldinn verður fundur með forráðafólki U-liðanna sem fara á lokamót EM í strandblaki í byrjun janúar.

2. Búningamál.

- Tekin hefur verið ákvörðun um að semja við Nine Squared varðandi búninga og verður nú hafist handa við að vinna verkefnið áfram í nánú samstarfi við þá.

3. Tilnefningar – Leikmaður ársins 2025.

- Þjálfarar landsliðanna hafa skilað inn tilnefningum á þeim leikmönnum sem koma til greina í vali um blakkonu og blakmann ársins, ásamt rökstuðnini og samantekt um leikmenn. Tilnefningum hefur verið skilað til stjórnar og þeirra nefnda sem kjósa og skila þarf inn kosningu fyrir 10. desember.

4. Ársþing 2026.

- Ársþing verður haldið þann 27. mars 2026 kl 17:00.

5. Verkefnastaða á skrifstofu

- Rædd var verkefnastaða á skrifstofu en mikið álag hefur verið þar nú í langan tíma. Umsvif sambandsins hafa aukist verulega og farið var yfir það hvað þarf að gera til að mæta þessari aukningu.

6. Önnur mál

- Farið var yfir tímaúthlutun í íþróttahúsum og hvernig úthlutun er háttað.
- Stjórnarfundir eftir áramót verða haldnir annan miðvikudag í hverjum mánuði. Kl 17:00 Verða þeir haldnir á skrifstofu BLÍ og á teams.